



Ársskýrsla 2017

Inngangur

Menntaskólinn á Tröllaskaga hóf starfsemi sína haustið 2010. Hér er gerð grein fyrir nokkrum meginþáttum í starfi skólans á starfsárinu 2017. Fjallað er um skólastarfið og tölulegar upplýsingar eru skoðaðar.

Nemendur

Kennsla á vorönn 2017 hófst 4. janúar og voru 344 nemendur skráðir í skólann á tíu námsbrautum. Í maí útskrifuðust 17 nemendur, 8 af félags- og hugvísindabraut, 2 af íþrótt- og útivistarbraut, 2 af náttúrvísindabraut, 2 af listabraut, 2 af starfsbraut og 1 með viðbótarnám til stúdentsprófs að loknu starfsnámi. Á haustönn 2017 hófst kennsla 18. ágúst og voru 332 nemendur skráðir í skólann. Átján nemendur útskrifuðust í desember, 9 af félags- og hugvísindabraut, 2 af íþrótt- og útivistarbraut, 3 af náttúrvísindabraut, 1 af listabraut, 1 af kjörnámsbraut og 2 með viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum.

Meðalnámstími þeirra nemenda sem útskrifuðust frá skólanum á árinu 2017 og höfðu innritast beint úr grunnskóla (9), var 3,2 ár og 66% (6) þeirra útskrifuðust á tilskyldum tíma. Aðrir nemendur komu með mislangan feril úr öðrum skólum og voru flestir í fjarnámi og hafa því tekið sér mislangan tíma til að ljúka námi.

Starfsbrautarnemar eru alltaf 4 ár í námi eins og námsbrautin gerir ráð fyrir.

<i>Fjöldi</i>	<i>Vorönn 2017</i>	<i>Haustönn 2017</i>
Nemendur	354	367
Dagskóli	114	123
Fjarnám	240	244
Karlar	147	133
Konur	207	234
Útskrifaðir	17	18

<i>Búseta</i>	<i>Vorönn 2017</i>	<i>Haustönn 2017</i>
Dalvíkurbyggð	14%	10%
Fjallabyggð	23%	20%
Aðrir staðir	63%	70%
Alls	100%	100%

<i>Aldursskipting</i>	<i>Vorönn 2017</i>	<i>Haustönn 2017</i>
15-20 ára	39%	48%
21-25 ára	31%	26%
26-	30%	26%
Alls	100%	100%

Nemendur hafa aldrei verið fleiri en á árinu 2017. Dagskólanemum fækkaði milli anna meðan fjarnemum fjölgar jafnt og þétt og er það þróun sem hefur verið undanfarnar annir. Ásókn í fjarnám við skólann er mikil. Kynjahlutföll eru svipuð og árið á undan, konur í meirihluta og hefur fjölgað. Þegar kemur að búsetu heldur sú þróun áfram sem hófst árið 2015. Þá var meirihluti nemenda búsettur utan Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar. Þá hefur nemendum á aldrinum 15-20 ára hlutfallslega fækkað á meðan nemendum eldri en 25 ára fjölgar. Þetta helst í hendur við mikla fjölgun fjarnema á sama tíma.

Brottfall

Ef brottfall er skilgreint sem mismunur á nemendum sem sannarlega hefja nám og þeirra sem skila sér til prófs var meðalbrottfall á árinu 2017 5,0% sem er óbreytt frá árinu 2016, (5% á báðum öðrum). Brottfall var talsvert meira í hópi fjarnema eða 6,5% en aðeins 1,5% að meðaltali hjá staðnemum.

Nýtingarlutfall

Á vorönn 2017 var meðalnýtingarlutfall í hópum 80% en á haustönn var það hins vegar 73%. Meðalnýtingarlutfall í hópum á árinu var því 76,5% sem er hærra en árið áður.

Nám

Námsframboð

Menntaskólinn á Tröllaskaga starfar eftir nýjum framhaldsskólalögum frá 2008. Stúdentspróf við skólann er 200 einingar.

Við MTR eru eftirtaldar námsbrautir virkar og í boði:

- Félags- og hugvísindabraut
- Fisktæknibraut
- Íþrótt- og útivistarbraut
 - íþróttasvið
 - útivistarsvið
- Listabraut
 - myndlistarsvið
 - listljósmyndunarsvið
- Náttúruvísindabraut
- Kjörnámsbraut
- Grunnmenntabraut
- Starfsbraut
- Stúdentsbraut að loknu starfsnámi

Allar námsbrautir byggjast upp á sama kjarna, sérhæfingu, bundnu vali og frjálsu vali, svið innan brauta hafa þar að auki sérhæfingu. Frjálsa valið nýtist til enn frekari sérhæfingar til undirbúnings frekara náms eða til að stunda nám á öðrum brautum eftir áhugasviði sínu. Undanskilið þessu er stúdentspróf af starfsnámsbrautum.

Verið er að vinna í samstarfi við norðlenska skóla um aukið framboð á sérhæfingu innan Kjörnámsbrautar.

Skipting nemenda á námsbrautir

<i>Braut</i>	<i>Vorönn 2017</i>	<i>Haustönn 2017</i>
Félags- og hugvísindabraut	149	138
Fisktæknibraut	19	32
Íþrótt- og útivistarbraut	33	32
Listabraut	34	36
Náttúruvísindabraut	65	62
Kjörnámsbraut	15	8
Grunnmenntabraut	16	20
Starfsbraut	14	12
Viðbótarnám til stúdentsprófs	10	15

Innleiðing aðalnámskrár

Menntaskólinn á Tröllaskaga vinnur eftir nýrri aðalnámskrá og hefur gert frá stofnun skólans 2010. Allar áfangalýsingar skólans eru unnar og mótaðar í samræmi við það.

Kennsla og stjórnun

Auk skólameistara starfa við skólann:

- aðstoðarskólameistari/áfangastjóri í 75% starfi (100% á haustönn, sérverkefni)
- fjármálastjóri í 25% starfi
- námsráðgjafi 50% (sinnt af aðstoðarskólameistara 25% og sérkennara 25% á vorönn en af náms- og starfsráðgjafa á haustönn)
- fagumsjón starfsbrautar 25%
- umsjónarmaður fasteignar, tækja, tölvukerfis og ljósmyndastúdíós í 100% starfi
- starfsmenn sem sjá um skrifstofu, bókasafn og þrif í 180% starfi (2x90%)
- einn stuðningsfulltrúi á vorönn í 75% starfi, en tveir á haustönn í 75% og 55% starfi
- iðjuþjálfari í 50% starfi á starfsbraut
- þroskaþjálfari í 50% starfi á starfsbraut á haustönn
- kennarar skólans voru 18 á vorönn og haustönn 2017, þar af helmingur í 100% starfi (fjármálastjóri stundaði jafnframt kennslu og fyllti þar með 100% starf). Heildarstöðugildi kennara á árinu 2017 voru 13,5.

- Starfsmenn við skólann voru 27 á vorönn í um 20 stöðugildum og 29 á haustönn í tæplega 22 stöðugildum.

Allir kennarar eru með réttindi sem framhaldsskólakennarar og langflestir með framhaldsnám.

Kennsluhættir og námsmat

Menntaskólinn á Tröllaskaga er dreifnámsskóli með áfangakerfi. Fyrirkomulag námsins gerir nemendum kleift að ljúka stúdentsprófi á þremur til þremur og hálfu ári.

- Allir nemendur skólans eru með eigin fartölvur sem tengdar eru neti skólans.
- Skólinn býður upp á tæki til rannsókna, sýndarveruleika, ljósmyndunar og tónlistariðkunar og upptöku.
- Skólinn notar fjölbreyttan hugbúnað í starfi sínu eða um 150 forrit í kennslu en einnig almennan skrifstofuhugbúnað.
- Haldið er utan um allt námsefni og kennslu í kennslukerfinu Moodle.
- Námið er skipulagt í vikulöngum lotum og fá nemendur reglulega endurgjöf á verkefni sín og frammistöðu.
- Í skólanum er viðhöfð vendikennsla með fjölbreyttum kennsluaðferðum í sífelldri þróun
- Miðannarvika, skólastarfið er brotið upp eina viku um miðja önn.
- Námsmat er símat og engir formlegir prófadagar.
- Sérkenni í kjarna námsbrauta eru frumkvöðlafræði, listir og upplýsingatækni með aðferðafræði dreifmenntar.

Allt námsefni, utan kennslubóka, er í kennslukerfi skólans ásamt verkefnum og öðrum upplýsingum. Á sama hátt er öllum verkefnum sem við á, skilað í sama kennslukerfi. Miðað er við að nemandinn ljúki námi í skólanum á samfelldum vinnudegi þar sem námið skiptist í nám undir verkstjórn kennara, sjálfstætt nám með aðgengi að námsaðstoð eða fjarnám. Við skólann eru viðhafðar fjölbreyttar námsmatsaðferðir í formi leiðsagnar- og símats.

Um miðja önn er skólastarfið brotið upp og nemendur fara í styttri áfanga í ýmsum greinum. Þar eru áfangar í íþróttum og útivist, listum og bóklegir áfangar. Markmiðið er að auka val nemenda í fámennum skóla en hægt er að fá kennara tímabundið til kennslu í viku sem ekki gætu kennt heila önn í Ólafsfirði. Markmiðið er einnig að hafa svigrúm til samstarfs við fyrirtæki, stofnanir og aðra skóla.

Mat

Í skólasamningi fyrir tímabilið 2015-2019 kemur fram að skólinn leggur áherslu á að nemendur og starfsmenn sýni frumkvæði í störfum sínum, séu skapandi í starfi og sýni áræði með því að ganga ekki einungis troðnar slóðir heldur útfæri verk sín á

annan hátt en hefðbundið telst. Að þessum markmiðum hefur verið unnið frá upphafi. Að sjálfsgöðu eru þetta langtímamarkmið um leið og hvert skref að þeim birtist sem skammtímamarkmið. Í skólanum fer fram blómlegt starf í listum og sköpun og á hverri önn sýna nemendur verk sín í skólanum og úti í samfélaginu.

Skólinn hefur einnig sóst eftir samstarfi við ýmsa aðila úti í samfélaginu með það í huga að koma á góðum tengslum skólans og samfélagsins. Það markmið hefur náðst og er ástæða til að fylgja því eftir. Þá er skólinn nú þátttakandi í erlendum samstarfsverkefnum (sjá yfirlit í kafla um samstarf). Einnig tók skólinn á mótí norskum kennurum í svo kölluðu Job shadowing verkefni.

Langþráðar breytingar á húsnæði skólans eru nú loks í höfn. Ný viðbygging var tekin í notkun í lok ágúst. Um er að ræða fjölnota sal með mötuneytisaðstöðu, nemendafélagsaðstöðu ásamt geymslu fyrir útivistarbúnað. Salurinn hefur reynst vel og mikill munur fyrir skólastarfið.

Skólafundur var haldinn í september 2017. Þar var rætt um erlend samskiptaverkefni og hvernig nemendur gætu komið að þeim og haft áhrif.

Stefna og markmið skólans eru reglulega til umfjöllunar í hópi starfsmanna og hjá skólanefnd. Þá eru kennsluaðferðir og námsmatsleiðir reglulega til umræðu og lögð áhersla á að vera vakandi fyrir nýjungum og möguleikum á því sviði.

Í skólasamningi fyrir árin 2015-2019 setur skólinn sér það markmið að brottfall nemenda fari ekki yfir 8% á samningstímanum. Eins og fram kom hér á undan hefur tekist að halda brottfalli innan marka ef miðað við fjölda nemenda í áfanga sem skila sér til lokamats. Skólinn tekur þátt í brottfallsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis. Á árinu 2016 fékk skólinn auk þess styrk frá ráðuneytinu til aðgerða gegn brotthvarfi. Sá styrkur hefur verið nýttur í verkefni sem ætlað er að efla skuldbindingu nemenda til náms og draga úr hættu á þunglyndi og kvíða.

Fjármál, rekstur

Rekstur skólans á árinu 2016 var í góðum farvegi líkt og áður. Áætlun stóðst og var rekstur skólans hallalaus.

Samstarf við aðra

Ný námskrá framhaldsskóla eykur möguleika á fjölbreyttu skólastarfi í samstarfi við aðra. Lögð er áhersla á nærsamfélagið, frumkvæði, sköpun og áræði, þróun hæfni hjá starfsfólki og gera nemendum kleift að vinna að viðfangsefnum í samfélagi við aðra. Skólinn vill hafa áhrif á nærumhverfi skólans á skapandi hátt og eiga samstarf við fyrirtæki og félagasamtök. Þetta hefur gengið eftir og á skólinn gott samstarf við fyrirtæki og félagasamtök í Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð og á Akureyri t.d. varðandi

frumkvöðlaáfangu, vinnustaðanám starfsbrautarnema og styttri námskeið í miðannarviku.

Á árinu var einnig lögð sérstök áhersla á erlend samstarfsverkefni. Var unnið með fólki frá Austurríki, Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Grikklandi, Grænlandi, Ítalíu, Kanaríeyjum, Lettlandi, Litháen, Noregi, Portúgal og Spáni, Bæði var um að ræða nemendaferðir og námsferðir starfsmanna.

Samstarfsaðili	Verkefni
Cinzia D'Altorio, Ítalía Assunta Carputo, Lanzarote, Kanaríeyjum.	Styrkja ungt fólk og styðja þau til að finna sjálfbærar leiðir í lífinu. (Erasmus+)
D7+	Fjarmentaskólinn, samstarf fámennra skóla í dreifbýli.
Monterey Peninsula College, USA	„Shared Seas“ listaverkefni starfsmanna og nemenda.
Tartu úlikool, Háskólinn í Tartu	Samstarf við tvo háskóla og 8 framhaldsskóla á Íslandi, Eistlandi, Lettlandi og Finnlandi um sveigjanleika í skólastarfi (Erasmus+)
DK-EUC Sjælland, Danmörku	Stafræn frásagnarhefð og virk samskipti ungs fólks úr dreifbýli. (Nordplus)
EcoMediaEurope, Austurríki	Evrópsk ráðstefna um upplýsingatækni í skólastarfi, haldin haustið 2018 í MTR. (GERE)
Fisktækniskóli Íslands, Grindavík	Nám í fisktækni
Fisktækniskóli Íslands, Grindavík	Nám í fisktækni
Fjarmentaskólinn	Fardagar (Sprotasjóður)
Frjálsíþróttafélagið Glói	Akademía í frjálsum íþróttum
Grunnskóli Fjallabyggðar	Nám fyrir 10. bekkina sem lokið hafa námsmarkmiðum grunnskóla. Vélmennafræði (Styrkt af Sprotasjóði)
Grunnskóli Fjallabyggðar	Kennsla 10. bekkina í inngangsföngum.
Ilinniartitaanermut, Kultureqarnermut, Ilisimatusarnermut, Ilageeqarnermullu Naalakkersuisoq (IKIIN), Grænlenska mennta-, menningar-, rannsókn- og kirkjuráðuneytið.	EGUX í Grønland. En Indstilling om e-undervisning í Grønland.
Instituto d'Istruzione Superiore Leonardo da Vinci, Ítalía Essenia UETP – University and Enterprise Training Partnership s.r.l., Ítalía Inercia Digital S.L., Spánn Action Synergy SA, Grikkland Keilir – Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, Ísland Universidade Portucalense infante d'Henrique-cooperativa de ensino superior srl., Portúgal	Nemendur og kennarar miðla þekkingu sinni sem byggist á þeirra eigin reynslu á vandinámi. (TESY) (Erasmus+)
Knattspyrnufélag Fjallabyggðar	Knattspyrnuakademía

Listhús í Fjallabyggð	Miðlun lista og menningar milli erlendra listamanna í Listhúsinu og nemenda og starfsmanna skólans.
Listaháskóli Íslands, Reykjavík	Samstarf um listkennslu nema í LÍ í MTR
Listaháskóli Íslands, Reykjavík	Samstarf um listkennslu nema í LÍ í MTR
Menntamálastofnun	Brotthvarf, viðbrögð
Monterey Peninsula College, USA	„Shared Seas“ listaverkefni starfsmanna og nemenda.
New College Lanarkshire, Bretland	Kennarar vinna með nýtingu upplýsingatækni í námi og kennslu í kennslugreinum sínum (Erasmus+)
Norðlenskir skólar (SamNor)	Samstarfssamningur um nám, skipulag, stoðþjónustu, stjórnsýslu, sveigjanleg skólaskil, raunfærnimat og fleira.
Rīgas Dizaina un mākslas vidusskola, List- og hönnunarskóli í Rīga, Lettlandi	Skapandi námsaðferðir í listum, kennaraskipti (Erasmus+)
Siauliu „Romuvos“ gimnazija, Litháen Gausdal videregående skole, Noregi Asociación para la participación, oportunidad y desarrollo, Kanaríeyjar	Mengun, sjálfbærni og endurvinnsla (Erasmus+)
Síldarminjasafnið, Siglufirði	Menningarmiðlun og nám.
Símey	Nám í fisktækni
Skiltagerð Norðurlands, Ólafsfirði	ArtFabLab samnýting á tækjum og þekkingu.
Tartu ülikool, Háskólinn í Tartu, Eistlandi	Samstarf við tvo háskóla og 8 framhaldsskóla á Íslandi, Eistlandi, Lettlandi og Finnlandi um sveigjanleika í skólasterfi (Erasmus+)
Tónlistarskólinn á Tröllaskaga	Miðlun milli stofnana um tónlistarkennslu og búnað
Verzlunarskóla Íslands, Reykjavík	Fjarkennsla efri áfanga sem ekki fæst nægur nemendafjöldi í innan skólans
Ýmis fyrirtæki	Starfsnám nemenda á starfsbraut, kynningar, heimsóknir